

Mánaðarlaun í hverjum launaflokki verða því þessi frá 1. október 1964 að telja:

	Byrjunarlaun kr.	Laun eftir				
		1 ár kr.	3 ár kr.	6 ár kr.	10 ár kr.	15 ár kr.
1. Launaflokkur ..	5 117.00					
2. Launaflokkur ..	5 330.00					
3. Launaflokkur ..	5 565.00	5 874.00	6 108.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00
4. Launaflokkur ..	5 788.00	6 108.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00
5. Launaflokkur ..	6 023.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00
6. Launaflokkur ..	6 268.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00	7 729.00
7. Launaflokkur ..	6 513.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00	7 729.00	8 038.00
8. Launaflokkur ..	6 780.00	7 046.00	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00
9. Launaflokkur ..	7 046.00	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00
10. Launaflokkur ..	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00
11. Launaflokkur ..	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00
12. Launaflokkur ..	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00
13. Launaflokkur ..	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00
14. Launaflokkur ..	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00
15. Launaflokkur ..	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00
16. Launaflokkur ..	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00
17. Launaflokkur ..	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00	11 726.00
18. Launaflokkur ..	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00	11 726.00	12 195.00
19. Launaflokkur ..	10 585.00	11 161.00	11 779.00	12 430.00	13 112.00	
20. Launaflokkur ..	11 161.00	11 779.00	12 430.00	13 112.00	13 837.00	
21. Launaflokkur ..	11 779.00	12 430.00	13 112.00	13 837.00	14 594.00	
22. Launaflokkur ..	13 112.00	13 837.00	14 594.00		15 393.00	
23. Launaflokkur ..	14 594.00		15 393.00		16 246.00	
24. Launaflokkur ..	15 393.00		16 246.00		17 131.00	
25. Launaflokkur ..	16 246.00		17 131.00		18 079.00	
26. Launaflokkur ..	18 079.00				19 071.00	
27. Launaflokkur ..	20 115.00					
28. Launaflokkur ..	21 224.00					

Fjármálaráðuneytið, 5. febrúar 1965.

F Y R I R M Æ L I

um gerð þorsk- og ýsunóta.

1. gr.

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera stærri en 30 faðmar á teini. Poki styttri nóta skal vera minni hlutfallslega.

2. gr.

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

3. gr.

Ráðuneytið getur heimilað þeim aðilum, sem þegar eiga smáriðnari þorsk- og ýsunætur en í fyrirmælum þessum greinir, að nota þær nætur í næstu tvö ár eftir útgáfudag reglugerðar þessarar. Þó skal ávallt, er skipt er um nótabálk, setja bálk með 110 mm lágmarksstærð möskva í stað þess, er tekinn er í burtu.

Umsóknir um notkun þessara nóta skulu sendar ráðuneytinu innan eins mánaðar frá birtingu reglugerðar þessarar og skal umsókninni fylgja sönnun á, hvenær nótin var keypt og flutt til landsins.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneyti, 5. febrúar 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 30.

15. febrúar 1965.

AUGLÝSING**um laun stundakennara.**

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:

Miðað við 12. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr.	67.70
— — 15. —	—	76.15
— — 15. —	(söngkennarar með $\frac{4}{5}$ kennsluskyldu) .	—	95.20
— — 16. —	(kennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt, talkennarar, blindrakennarar og kennarar við heimavistarskóla)	—	79.20
— — 16. —	(söngkennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt)	—	99.05
— — 17. —	(vanvitaskólakennarar)	—	103.00

II. Í húsmæðraskólum:

Miðað við 13. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	—	87.15
— — 16. —	—	98.00
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	—	106.00
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	—	115.40